

Vinnusmiðja FÍ

17. mars 2026

Félagsráðgjafafélag Íslands efndi til vinnusmiðju á alþjóðadegi félagsráðgjafa 17. mars 2026 á hótél Hilton Nordica þar sem öllu félagsfólki var boðið að taka þátt. Alls skráðu 72 þátttöku, þar af 11 rafrænt, og tóku 49 þátt í vinnusmiðjunni. Umræður voru í átta hópum þar sem rædd voru fimm lykilmálefni fagstéttarinnar í tengslum við þjónustu við börn og fjölskyldur. Félagið leitaði til sérfræðinga hjá Kunnáttu ehf. við framkvæmd dagsins og var notað forrit sem þróað var fyrir stefnumótunardag félagsins til að skrá niðurstöður frá umræðum hópa jafnóðum og heildarniðurstöður settar fram með aðstoð gervigreindar.

Greining á öllum svörum sýnir mikla samstöðu um það þarf að breytast og skilaboð til stjórnvalda eru skýr.

Velferðarkerfi sem býður fagfólki upp á ómögulegar aðstæður getur ekki tryggt farsæld þeirra sem til þess leita. Samábyrgð allra kerfa og raunveruleg pólitísk skuldbinding í formi fjármagns er forsenda þess að íslenskt velferðarkerfi standi undir lögum og gildum samfélagsins.

Helstu áskoranir snúa að því að kerfin tala ekki saman. Takmarkað upplýsingaflæði, mismunandi tölvukerfi og skortur á stafrænum innviðum

hindrar alla samþættingu, hvort sem um er að ræða farsæld barna, flóttafólk eða daglega félagsþjónustu.

Félagsráðgjafar bera kerfið uppi og glíma við of mikinn mála-fjölda, undirmönnun, ófullnægjandi handleiðslu og skriffinnsku sem tekur tíma frá faglegu starfi. Streita og kulnun er kerfislæg en ekki einstaklingsbundin.

Ný lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna gefa fögur fyrirheit en bæta þarf framkvæmdina. Úrræði á 2. stigi þjónustunnar eru flöskuháls og heilbrigðiskerfið hefur ekki haldið í við innleiðinguna. Viðkvæmir hópar falla á milli kerfa, svo sem flóttabörn, börn innflytjenda og fjölskyldur í húsnæðisvanda, og börn sem tilheyra „þyngsta“ hópnum fá ekki þá þjónustu sem löginn kveða á um. Ef það er raunverulegur vilji til úrbóta þarf samþætt stafrænt kerfi, menningarmiðlara, stefnu í handleiðslu og lögfestingu félagsráðgjafa í skólum og heilsugæslu. Þá er mikilvægt að styðjast við áfallamiðaða nálgun í vinnu innan velferðarþjónustu.

Ef ekkert er gert er hættan sú að streita og kulnun, starfsmannavelta og lakari þjónusta við notendur verði viðvarandi vandamál. Þegar félagsráðgjöfum fækkar þyngjast málin og

það verður til þess að fleiri veikjast og/eða yfirgefa starfsvettvanginn sem er skilinn eftir með enn færri félagsráðgjafa. Farsældarlögin verða markleysa, viðkvæmir hópar festast í jaðarsetningu og það grefur undan trausti á velferðarkerfinu.

Þegar horft er til þjónustu við innflytjendur og flóttafólk blasa við tungumálahindranir og skortur á menningarmiðlurum þar sem börn og fjölskyldur eru í sérstakri áhættu. Bæta þarf tæknilausnir, gervigreind er þegar í notkun bæði hjá notendum og fagfólki en það skortir stefnu, fjármögnun og fræðslu. Áskoranir varðandi persónuvernd og trúnað eru raunverulegar en það þarf að nýta tæknilausnir til að auka skilvirkni og draga úr álagi á starfsfólk.

Koma þarf á samþættu stafrænu kerfi, draga úr biðlistum eftir þjónustu til að virða mannréttindi og líta á húsnæðisöryggi sem grunnforsendu velferðar.

Margir litir í einni manneskju



Guðrún Marinósdóttir,
um tengsl listar, lífs og félagsráðgjafar

Guðrún Marinósdóttir sameinar á einstakan hátt þrjá heima sem oft eru aðskildir, félagsráðgjöf, leiklist og myndlist. Í verkum hennar og starfi mætast tilfinningar, fagmennska og sköpun í einni heild. Forsíðumynd hennar á Tímariti Félagsráðgjafa 2026 er skýr birtingarmynd þessa samspils; mynd sem varð til á tímum óvissu en ber með sér von, trú á samvinnu og lífskraft.

LEITIN AÐ DÝPRI SKILNINGI

Guðrún er fædd og uppalin á Akureyri þar sem áhugi hennar á leiklist kviknaði snemma, ekki síst fyrir áhrif föður hennar sem var virkur í leiklistarlífi bæjarins. Eftir stúdentspróf hóf hún nám í sálfræði og lauk BA-gráðu,

en sköpunarkrafturinn kallaði sterkt. Hún hélt til London í leiklistarnám þar sem hún kynntist nýjum heimi, bæði krefjandi og frelsandi. „Þú lærir að kafa djúpt, að skilja manneskjuna og allar hennar víddir,“ segir hún.

Eftir dvölinna erlendis sneri hún aftur til Íslands og starfaði sem leikkona, en þegar fjölskylduaðstæður breyttust opnuðust nýjar leiðir. Hún sneri sér að félagsráðgjöf, námi og starfi sem hún segir hafa mótað sig mjög og hefur orðið hennar ævistarf. Þar fann hún vettvang til að nýta innsýn sína í mannlega hegðun og tengsl á nýjan hátt.

SKÖPUN SEM ÚRVINNSLA OG SPEGLUN

Fyrir Guðrúnu er myndlistin ekki aðeins áhugamál heldur nauðsynleg leið til úrvinnslu. Hún lýsir því hvernig hún hefur í auknum mæli nýtt listina sem eins konar handleiðslu sjálfrar sín. Í starfi félagsráðgjafa mætir hún sterkum tilfinningum – sársauka, óvissu og von – og í listinni finnur hún farveg fyrir þetta flæði.

„Það er þrá eftir því að skapa,“ segir hún, og bætir við að málverkin verði stundum spegilmynd af því sem hún upplifir í starfi sínu. Kraftmiklir litir geti túlkað spennu og átök en mildari tónar ró og jafnvægi. Hún vinnur með tilfinningar á striganum líkt og í samtölum við skjólstæðinga – með opnum huga og án þess að dæma niðurstöðuna fyrir fram. „Litir eru tilfinningar,“ segir hún og bendir á að í málverkunum birtist bæði innri styrkur og mýkt.

AÐ VERA SANNUR Í TENGLUM

Kjarninn í bæði leiklist og félagsráðgjöf er, að mati Guðrúnar, sannleikur. Í leiklistinni felst það í því að verða persónan sem túlkuð er; í félagsráðgjöfinni að mæta skjólstæðingum með heiðarleika og góðri nærveru.





”

Kjarninn í bæði leiklist og félagsráðgjöf er, að mínu mati, sannleikur. Í leiklistinni felst það í því að verða persónan sem túlkuð er; í félagsráðgjöfinni að mæta skjólstæðingum með heiðarleika og góðri nærveru

„Þú leikur ekki félagsráðgjafa, þú ert þú sjálf,” segir hún. Þessi nálgun krefst hugrekks, sjálfsvitundar og hæfni til að vera bæði opin og með skýr mörk. Sköpunin hjálpar henni að viðhalda þessu jafnvægi og styrkir hana í starfi. Hún leggur áherslu á mikilvægi þess að hafa sterkan innri kjarna, kunna að setja mörk en um leið að treysta tengslunum. Sköpunin hjálpar henni að viðhalda þessu jafnvægi og styrkir hana í að takast á við krefjandi aðstæður.

VON SEM DRIFKRAFTUR

Forsíðumynd hennar varð til á fyrstu mánuðum heimsfaraldursins, 2020, þegar einangrun og óvissa setti mark sitt á samfélagið. Guðrún lýsir því augnabliki þegar hún „kastaði af sér drunganum“ og fann aftur von og trú á samvinnu. „Ef við höfum samvinnu og trú, þá getum við allt,” segir hún. Þessi sýn endurspeglast í myndinni – líf sem kviknar, tré sem vex og fólk sem

sameinast í að skapa eitthvað nýtt. Hún vill að myndin kalli fram tilfinningu um að möguleikarnir séu alltaf til staðar, jafnvel þegar aðstæður virðast erfiðar.

MARGIR LITIR – EINN KJARNI

Guðrún lýsir sjálfri sér sem „mörgum litum“. Grunnurinn er sterkur en ofan á hann bætast ný lög af reynslu, tilfinningum og sköpun. Hún sér skýrt hvernig félagsráðgjöf, leiklist og myndlist nærast hver á annarri og dýpka skilning hennar á fólki.

Guðrún sér líka hvernig reynsla hennar úr félagsráðgjöf auðgar listina og öfugt. Í báðum tilvikum snýst allt um að skilja manneskjuna, finna tengslin og þora að mæta tilfinningum. „Ég vil ekki vera einlit,” segir hún. „Við erum margir litir og í því felst styrkurinn.“

Í öllum þessum heimum er sameiginlegur þráður: að skilja manneskjuna, mæta henni af virðingu og skapa rými



fyrir vöxt. „Við erum bara fullorðin börn,” segir hún brosandi, „og börn hafa kjark í allt.“

Viðtal: María Björk

Allt viðtalið má finna í hlaðvarpi FÍ





Hervör Alma Árnadóttir,
deildarforseti Félagsráðgjafardeildar

Kveðja frá Félagsráðgjafardeild HÍ

ÖFLUGUR KENNARAHÓPUR OG VAXANDI NEMENDAFJÖLDI

Við deildina starfa nú 23 fastir kennarar í rúmlega 14 stöðugildum ásamt um 140 stundakennurum. Styrkur kennarahópsins felst í öflugri rannsóknarvirkni og sterkum tengslum við vettvang – um helmingur fastra kennara starfar á vettvangi samhliða kennslu. Aðsókn í námið hefur farið vaxandi og nú stunda rúmlega 600 nemendur nám við deildina á grunn-, meistara- og doktorsstigi. Deildin býður upp á 12 námsleiðir, flestar þverfaglegar og í fjarnámi.

FÉLAGSRÁÐGJÖF HÁSKÓLANEMA – BRÚ MILLI FRÆÐA OG FAGS

Félagsráðgjöf háskólanema, sem hófst 2022 sem tilraunaverkefni, er nú orðin fastur liður í kennslu. Þar veita nemendur á fjórða og fimmta ári öðrum háskólanemum félagslega ráðgjöf og

efla með því bæði færni sína og tengsl fræða og fags. Algengustu viðfangsefnin tengjast réttindum, samskiptum og samræmingu náms og fjölskyldulífs.

SAMSTARF INNANLANDS OG Á ALPJÓÐAVETTvangi

Reglulegt samstarf við Félagsráðgjafafélag Íslands og þær stofnanir þar sem félagsráðgjafar starfa gefur okkur tækifæri til að laga námið enn betur að þörfum vettvangs. Deildin er jafnframt aðili að norrænu samstarfi innan NASSW (Nordic Association of Schools in Social Work), sem er vettvangur til að læra af frændþjóðum okkar og miðla eigin reynslu. Starfsfólk deildarinnar hefur staðið fyrir reglulegum viðburðum um málefni á borð við farsæld barna, fátækt, heimilisleysi og málefni aldraðra, í samstarfi við aðrar deildir og stofnanir.

Þátttaka í alþjóðlegum ráðstefnum hefur verið góð. Má þar nefna NFBO-ráðstefnuna um ofbeldi og vanrækslu barna í Kaupmannahöfn, ECSWR í München og ISPCAN í Vilnius. Um miðjan júní verður FORSA/NASSW-ráðstefnan haldin í Árósum og er ætlinin að blása nýju lífi í ÍSFORSA, sem hefur legið niðri um tíma.

Við horfum bjartsýn til framtíðar. Viðfangsefni félagsráðgjafa eru fjölbreytt og krefjandi og við leggjum áherslu á að veita nemendum traustan fræðilegan grunn, kynna þeim hugmyndafræðilega strauma og undirbúa þá vel fyrir áskoranir framtíðarinnar.

Með hækkandi sól óska ég okkur öllum til hamingju með útgáfu Tímarits félagsráðgjafa 2026.

Viðtal við Hervöru
Ölmu er að finna í
hlaðvarpi FÍ





Gísli Frank Olgeirsson,
MA-nemi í félagsráðgjöf

Fyrstu skrefin í félagsráðgjöf *frá fræðum til fags – upplifun af MA-námi*

MA-nám í félagsráðgjöf sameinar fræðilega dýpt og verklega þjálfun þar sem nemendur þróa færni sína í raunverulegum aðstæðum.

Gísli Frank Olgeirsson er 29 ára gamall nemi í MA-námi til starfsréttinda í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Hann býr á Selfossi ásamt konu sinni og ungri dóttur og starfar sem leiðbeinandi í hlutastarfi í Félagsmiðstöðinni Zelsíuz í Árborg og hefur jafnframt starfað sem verkefnastjóri og ráðgjafi hjá Velferðarþjónustu Árborgar og Elju virkniráðgjöf. Gísli Frank lauk BA-námi í félagsráðgjöf árið 2023 og tók þá tveggja ára pásu áður en hann sótti um í MA-nám. Á þessum tveimur árum öðlaðist hann reynslu af vinnu með unglingum og öðru fólki í faglegu umhverfi. Hér fjallar hann um reynslu sína af fyrri hluta MA-námsins.

FARSÆL ÁKVÖRDUN

„Áður en ég sótti um námið leitaði ég ráða hjá samstarfsfólki sem hafði þegar farið þessa leið. Lýsingarnar voru samhljóða; námið væri líflegt,

krefjandi og skemmtilegt. Sú mynd reyndist rétt. Það sem kom mér mest á óvart var hversu sterk áhersla er lögð á að tengja saman fræði og framkvæmd. Námið snýst ekki eingöngu um lestur heldur þjálfun í raunverulegum aðstæðum. Í náminu eru verklegar æfingar stór hluti af kennslunni, nemendur taka þátt í umræðum, vinna fjölskyldukort, æfa hópameðferð og þjálfa sig í viðtölum. Þetta skapar öruggt rými til að prófa sig áfram, fá endurgjöf og ígrunda eigin vinnubrögð.“

FAGLEG FÆRNI Í MÓTUN

„Ég hef þegar fundið hvernig námið nýtist í starfi, sérstaklega í samskiptum við ungmenni þar sem þarf að eiga krefjandi samtöl. Þessi reynsla hefur aukið skilning minn á mikilvægi fagmennsku, hlustunar og virðingar. Samspil fræða og reynslu er lykillinn að náminu. Með aukinni þjálfun verður auðveldara að takast á við flókin mál og styðja einstaklinga og fjölskyldur á markvissan hátt.“



Ég hef þegar fundið hvernig námið nýtist í starfi, sérstaklega í samskiptum við ungmenni þar sem þarf að eiga krefjandi samtöl

SAMANTEKT

„Reynsla mín af fyrri hluta mastersnámsins hefur verið bæði krefjandi og lærdómsrík.

Verkleg þjálfun er kjarni námsins, hún tengir saman fræði og fag og undirbýr nemendur fyrir ábyrgðarmikið starf.

Ég horfi því bjartsýnn til áframhaldandi náms og komandi áskorana.“

Viðtal: María Björk

Hlusta má á ítarlegri útgáfu viðtalsins við Gísli Frank í hlaðvarpi FÍ





Páll Ólafsson,
félagsráðgjafi, framkvæmdastjóri farsældarsviðs
hjá Barna- og fjölskyldustofu

„Við verðum að gera þetta saman“

Innleiðing farsældarlaga og Signs of Safety markar mikilvæga stefnubreytingu í þjónustu við börn og fjölskyldur. Páll Ólafsson, framkvæmdastjóri farsældarsviðs hjá Barna- og fjölskyldustofa, segir að árangur ráðist af því að gripið sé fyrr inn í, unnið sé með tengslanetið og að ábyrgðin sé sameiginleg.

TÍMAMÓT Í ÞJÓNUSTU VIÐ BÖRN

Barnavernd og félagsþjónusta á Íslandi standa að mati Páls á tímamótum. Fjölgun tilkynninga, aukin vanlíðan barna og flóknari mál kalli á nýja nálgun.

„Við sjáum fleiri börn sem glíma við vanrækslu, ofbeldi eða mikla ábyrgð heima fyrir. Við sjáum líka fleiri börn sem detta út úr skóla. Þetta kallar á að við komum fyrr að málum og vinnum þau markvissar,“ segir Páll.

FARSÆLDARLÖGIN – RAMMI UM SNEMMTÆKA ÍHLUTUN

Farsældarlögin, sem tóku gildi 1. janúar 2022, eru grunnur að þessari breytingu. Þau leggja áherslu á samfellda, snemmtæka og samræmda þjónustu þar sem kerfi vinna saman í þágu barnsins.

„Lögin skapa ramma sem hjálpar okkur að kalla fyrr saman þá sem skipta

máli í lífi barnsins og vinna á skipulagðari hátt með stuðningsteymum og stuðningsáætlunum,“ segir Páll. „Í framkvæmd þýðir þetta að skóli, heilbrigðisþjónusta og félagsþjónusta vinni saman í kringum barnið í stað þess að hvert kerfi starfi eitt og sér.“

SIGNS OF SAFETY – SKÝRT VERKLAG

Signs of Safety er faglegt verklag í barnavernd sem þróað var í Ástralíu á árunum 1994–1999 og hefur á síðustu árum verið innleitt markvisst á Íslandi. Aðferðin leggur áherslu á öryggi barnsins, styrkleika fjölskyldunnar og virka þátttöku þeirra sem málið varðar.

„Við viljum finna lausnir með fjölskyldunni, ekki bara fyrir hana,“ segir Páll. „Börn og foreldrar eru sérfræðingar í sínu eigin lífi. Okkar hlutverk er að styðja þau og skapa öryggi. Aðferðin felur jafnframt í sér skýra greiningu á áhættu og verndandi þáttum og að áætlanir séu skiljanlegar og raunhæfar fyrir alla sem koma að málinu.“

TENGL SEM LYKILL

Í bæði farsældarlögunum og Signs of Safety er tengslum gefið lykilhlutverk.

„Þetta snýst ekki bara um tengsl barns og foreldra heldur líka tengsl milli fagfólks og fjölskyldna og milli kerfa. Ef þessi tengsl virka ekki, þá virkar þjónustan ekki,“ segir Páll. „Lausnir sem verða til í nærumhverfi barnsins eru líklegri til að halda til lengri tíma.“

ÁLAGIÐ STÆRSTA ÁSKORUNIN

Páll bendir á að ekki sé hægt að ræða umbætur án þess að horfa á stöðu starfsfólks.

„Það gengur ekki að starfsfólk í barnavernd sé með 40–50 mál þegar viðmið á Norðurlöndum eru 12–20. Afleiðingarnar eru kulnun, samúðarþreyta og starfsmannavelta.“

Hann segir þetta hafa bein áhrif á gæði þjónustunnar og getu fagfólks til að byggja upp þau tengsl sem aðferðafræðin byggist á.

SAMEIGINLEG ÁBYRGÐ

Að lokum leggur Páll áherslu á að raunverulegar umbætur krefjist samvinnu.

„Þetta má ekki verða við-og-þið-umræða. Við verðum að gera þetta saman, ræða álag, forgangs röðun og ábyrgð.“

Hlusta má á ítarlegri útgáfu viðtalsins við Pál í hlaðvarpi FÍ





Ásta Kristín Guðmundsdóttir,
félagsráðgjafi MA

Ekkert barn á skilið að lifa við ótta

Bikers Against Child Abuse (B.A.C.A.) eru góðgerðasamtök sem voru stofnuð árið 1995 í Bandaríkjunum af félagsráðgjafa og listmeðferðarfræðingi. Listmeðferðarfræðingurinn vann með börnum sem orðið höfðu fyrir ofbeldi og voru hrædd við þann heim sem þau bjuggu í. Hann tók eftir að þegar börnin mættu til hans í meðferð var eins og þau hefðu tekið tvö skref til baka eftir að hafa áður tekið nokkrum framförum í tíma hjá honum. Ekkert kerfi var til staðar fyrir þessi börn allan sólahringinn en með stofnun B.A.C.A. breyttist það.

Hlutverk B.A.C.A. er að búa misnotuðum börnum öruggara umhverfi; við erum til staðar sem hópur bifhjólafólks sem styrkir og valdeflir börn til að vera ekki hrædd í þeim heimi sem þau lifa í. B.A.C.A. á Íslandi var stofnað 2016 og störfum við með vitund og samþykki þeirra opinberu aðila sem þegar eru til verndar börnum.

Hver sem er sem er orðinn 18 ára og hefur aðgang að mótörhjólí getur gengið í B.A.C.A. Félagar í samtökunum þurfa að skila inn sakavottorði á tveggja ára fresti og þeir þurfa að sitja námskeið, til að mynda um samskipti við börn, áhættuþætti kulnunar, trúnað og yfirbyggingu samtakanna. Enginn fer að vinna með börnum fyrr en að loknum námskeiðum, sem taka 14 til 18 mánuði.

Ég er kona, móðir, eiginkona, félagsráðgjafi og mótörhjólakona. Ég ákvað að sækja um í þessum samtökum vegna allra þessara hlutverka minna. Sem félagsráðgjafi hef ég haft mestan áhuga á að vinna með öldruðum og fólki með heilabilun. Með því að verða félagi í B.A.C.A. fékk ég líka tækifæri til að vinna með börnum þó svo að ég væri ekki félagsráðgjafi í því hlutverki, en alltaf með félagsráðgjafahugann við efnið samt.

VALDEFLUM BÖRNIN

Hlutverk okkar í B.A.C.A. er ekki að veita þessum börnum meðferð á nokkurn hátt, heldur að mæta þeim þar sem kerfið er ekki að mæta þeim. Þau geta fengið meðferð í gegnum t.d. félagsþjónustuna. Okkar hlutverk er að vera til staðar allan sólahringinn, þau geta haft samband hvenær sem er og ef þau vilja að við komum mætum við – undantekningarlaust.

Þegar barnið hefur verið samþykkt inn í samtökin skipuleggjum við hittingu og gerum það sem börnin vilja gera, förum t.d. í fótbolta, út á rúntinn á hjólum eða leikum með þeim að þeirra dóti. Næsti hittingur er alltaf ákveðinn í lok fyrri hittings og svo kemur að því á endanum að þegar við komum í hittingu er barnið ekki heima og það er það sem við viljum, þá vitum við að barninu

líður betur og er ekki lengur hrætt eins og það var og við förum sátt til baka.

Við vitum ekki hvaða ofbeldi barnið hefur orðið fyrir, enda er það ekki tilgangurinn. Tilgangurinn er að barnið fái umhverfi og tíma til að vera það sjálft, án ofbeldisins, það geti verið með einhverjum sem standa utan við ofbeldið sem það hefur orðið fyrir og geti fengið að skína nákvæmlega eins og það vill. Að það geti verið í umhverfi þar sem það þarf ekki að hugsa um ofbeldið heldur eitthvað skemmtilegt sem það vill gera. Við erum til staðar fyrir barnið og með því valdeflum við það svo að það verði ekki áfram hrætt í sínum heimi.

Vinna allra þeirra sem eru í B.A.C.A. um allan heim er öll unnin í sjálfböðavinnu, það fær enginn greitt í peningum innan samtakanna. Tengslin sem myndast og umbreytingin sem verður á börnunum er fyrir okkur ríkulæg greiðsla. Flest þessara barna eiga það sameiginlegt að aðrir innan fjölskyldunnar urðu líka fyrir ofbeldi og því gat fjölskyldan mögulega ekki stutt þau. Þar komum við sterk inn, því ekkert barn á skilið að lifa í ótta.

Viðtal við Ástu Kristínu
er í hlaðvarpi FÍ





„Félagsráðgjöf hefur mótað mig sem leiðtoga“

Regína Ásvaldsdóttir félagsráðgjafi fer yfir 30 ára feril sem stjórnandi

Regína Ásvaldsdóttir hefur starfað sem stjórnandi í nær þrjú áratugi, meðal annars sem félagsmálastjóri í Skagafirði, sviðsstjóri hjá Reykjavíkurborg og bæjarstjóri í Mosfellsbæ og á Akranesi. Þegar hún lítur yfir ferilinn segir hún erfitt að greina hvað í hennar nálgun sé sérstaklega sprettið úr félagsráðgjöf því fagið sé hluti af henni sjálfri.

SKILNINGUR Á FÓLKI ER KJARNINN Í STJÓRNUN

Við hittum Regínu þar sem hún var að pakka niður og ganga frá málum sem tengjast starfi hennar sem bæjarstjóri í Mosfellsbæ. Hún segist vera að venjast þeirri hugsun að líklega sé um 30 ára samfelldum ferli sem stjórnanda að ljúka.

„Á þeim tíma hef ég borið ábyrgð á mannhaldi og rekstri stórra eininga, meðal annars á Velferðarsviði

Reykjavíkurborgar þar sem starfa yfir þrjú þúsund manns,“ segir Regína og bætir við, „þegar þú spyrð mig hvernig menntun mín og reynsla sem félagsráðgjafi hafi nýst mér í þessum störfum átta ég mig á því hversu samofin hún er allri minni nálgun. Hún er grunnurinn að því hvernig ég hugsa, hlusta og leiði.“

Hún segir að styrkur félagsráðgjafar liggi í djúpum skilningi á aðstæðum fólks og hæfni til að eiga samtöl í krefjandi aðstæðum. Sú þekking hafi fylgt henni í gegnum öll stjórnunarhlutverk.

Regína lýsir því hvernig hún nálgist ákvarðanatöku með því að horfa ekki aðeins á kerfið heldur á fólkið sem býr að baki málunum. Félagsráðgjöfin hafi kennt henni að greina hvað liggur undir yfirborðinu og meta áhrif ákvarðana út frá heildarmynd.

„Sem stjórnandi þarf maður stöðugt að taka ákvarðanir sem hafa áhrif á líf fólks. Þá skiptir máli að skilja aðstæður, ekki bara ferla.“

MANNAUÐURINN – ÁBYRGÐ STJÓRNANDANS

Í starfi sínu hefur Regína borið ábyrgð á stórum hópum starfsfólks, ekki síst innan velferðarþjónustu. Hún segir reynslu sína úr félagsráðgjöf hafa hjálpað sér að skilja betur álagið sem fylgir slíkum störfum og leggur áherslu á að stjórnendur þurfi að vera meðvitaðir um þann veruleika sem starfsfólk býr við. Félagsráðgjafar og annað fagfólk vinni oft í nánum tengslum við einstaklinga og fjölskyldur í erfiðum aðstæðum og það geti haft djúpstæð áhrif. Það sé því lykilhlutverk stjórnanda að halda utan um starfsfólk sitt, skapa svigrúm og styðja fagleg vinnubrögð.



„Það skiptir miklu máli að stjórnendur skilji hvað felst í því að vinna í svona nálægð við fólk – og styðji starfsfólkið í því.“

HLUSTUN SEM VERKFÆRI

Regína hefur lagt mikla áherslu á að vera í beinum samskiptum við íbúa og býður reglulega upp á opna viðtals-tíma. Þar nýtist kjarnahæfni félagsráðgjafar að hennar mati hvað best.

Í samtölunum reynir hún að setja sig inn í aðstæður fólks, hlusta af einlægni og leiðbeina eftir atvikum. Hún leggur áherslu á skýr og heiðarleg samskipti og að lofa ekki neinu sem ekki er hægt að standa við.

„Fólk kann að meta að fá hreinskilin svör. Það er þáttur í fagmennsku að skapa traust, jafnvel þegar niðurstöðurnar eru erfiðar.“

FLÓKIN KERFI OG RAUNVERULEGT LÍF

Í starfi sínu hefur Regína einnig tekist á við flókin stjórnsýslukerfi. Hún segir

félagsráðgjöfina hafa gefið sér mikilvæga innsýn í hvernig slík kerfi virka og hvar þau geta brugðist. Hún bendir á að stærstur hluti rekstrar sveitarfélaga fari í þjónustu sem snertir daglegt líf fólks, svo sem skóla- og velferðarmál. Þar þurfi að taka ákvarðanir sem hafi raunveruleg áhrif á líf einstaklinga.

„Það skiptir máli að hafa innsýn í hvernig þjónustan birtist fólki í daglegu lífi, ekki bara hvernig hún er hugsuð á pappír.“

SKÝR SAMSKIPTI OG TRAUST

Eitt af því sem Regína hefur orðið vör við í samskiptum við íbúa er að fólk upplifir oft skort á svörum og skilningi á ferlum stjórnsýslunnar.

Hún segir félagsráðgjöfina hafa kennt sér að útskýra flókin mál á mannamáli, setja raunhæfar væntingar og eiga samtöl sem byggjast á virðingu og skýrleika.

„Það er mikilvægt að fólk skilji hvað er hægt og hvað ekki – og af hverju.“

ÞVERFAGLEG NÁLGUN SKIPTIR MÁLI

Regína leggur áherslu á mikilvægi þverfaglegrar samvinnu í velferðarþjónustu og stjórnun. Hún telur að betri árangur náist þegar ólíkar fagstéttir vinna saman og deila ábyrgð.

Félagsráðgjöf hafi kennt henni að horfa á lausnir út frá ólíkum sjónarhornum og nýta styrkleika teymisins.

RAUÐI ÞRÁÐURINN

Þegar Regína dregur saman reynslu sína segir hún að félagsráðgjöfin hafi verið rauður þráður í gegnum allan stjórnandaferil hennar. Hún hafi mótað bæði sýn hennar og vinnubrögð.

„Félagsráðgjöf hefur kennt mér að sjá heildarmyndina og muna að á bak við hvert mál er manneskja. Hæfni til að hlusta, greina og miðla skýrt er eitt mikilvægasta verkfæri stjórnanda,“ segir Regína að lokum.

Viðtal: María Björk

Allt viðtalið má finna í hlaðvarpi FÍ





Eldey Huld Jónsdóttir
félagráðgjafi MSW, kennari B.ed.
Í umdæmisráði barnaverndar Reykjavíkur

Sérhvertt barn skiptir máli

– alþjóðaráðstefna félagsráðgjafa af frumbyggjaættum

Síðast liðið sumar sótti ég ráðstefnuna *International Indigenous Voices in Social Work* í Calgary í Albertafylki í Kanada. Þetta var sjöunda alþjóðaráðstefna félagsráðgjafa af frumbyggjaættum og að þessu sinni var yfirheitið *ONE CHILD EVERY CHILD, Indigenous Ways of Knowing, Doing, Connecting, and Being for Advancing the Well-Being of Our Future Generations*. Síðustu tvær ráðstefnur þessara samtaka voru á Nýja-Sjálandi og Havái.

Þetta var fjögurra daga ráðstefna með mikilli dagskrá frá klukkan sjö á morgnana og langt fram eftir degi. Þátttakendur, sem voru um 500, höfðu úr nógu að móða því dagskráin samanstóð af um 100 erindum/vinnusmiðjum, ásamt vettvangsferðum. Þarna voru samankomnir félagsráðgjafar og annað fagfólk í velferðarþjónustu, meirihluti af frumbyggjaættum, víða að úr heiminum. Má þar nefna Kanada, Bandaríkin, Ástralíu, Nýja-Sjáland, Tonga, Havái, Taívan,

Japan og Svíþjóð. *Sérhvertt barn skiptir máli* (e. every child matters) var kjörorð ráðstefnunnar.

Undirritaðri hefur þótt einkar fróðlegt að fara á ráðstefnur fjarri evrópskri menningu þar sem félagsráðgjafar segja frá starfi sínu og reynslu af sínu heimasvæði. Sem dæmi fór ég árið 2018 til Armeníu þar sem saman voru komnir félagsráðgjafar frá Armeníu, Georgíu, Íran og fleiri nágrannalöndum Armeníu. Lesa má um þá ferð í grein minni Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og ferð til Armeníu í *Tímariti félagsráðgjafa frá árinu 2019*. Ég var því vongóð um að á þessari ráðstefnu myndi ég einnig fá að hlýða á öðruvísi sögur en við eigum að venjast í starfi félagsráðgjafa hér á landi. Það gekk eftir. Frummælendur og aðrir þátttakendur sögðu frá reynslu sinni og þróun verkefna í starfi með börnum og samfélögum frumbyggja auk þess sem nærvera og frásagnir „the elders“ frá Blackfoot, Cree og fleiri frum-

byggjasamfélögum í Albertafylki voru lærdómsríkt innlegg og gáfu innsýn í hugmyndafræði þessara ættbálka.

Á undanförunum árum hefur mikið starf verið unnið í Albertafylki í Kanada og víðar við að rétta hlut ættbálka frumbyggja og gera raddir þeirra, menningu og siði sýnilegri. Eins og einn af Cree elders komst að orði: *Our way of life is not lost. We are lost. We just have to find our way back* (ísl. Siðir okkar eru ekki týndir. Við erum týnd. Við þurfum bara að finna leiðina til baka). Félagráðgjafardeild háskólans í Calgary hefur sinnt þessu málefni á aðdáunarverðan hátt, en hún hefur á að skipa þó nokkrum félagsráðgjöfum sem tilheyra „first nation“ eða „metis“ sem er viðurkenndur ættbálkur afkomenda kvenna af frumbyggjaættum og karla frá Evrópu sem flestir stunduðu skinnasölu og sóttu þær afurðir til frumbyggja. Háskólinn í Calgary hefur um tíu ára skeið starfrækt ráðgjafahóp eldri frumbyggja (e.

the elders advisory council) sem búa á þessu svæði og félagsráðgjafardeildin, sem einnig hefur sinn ráðgjafahóp frumbyggja, hefur lagt ríka áherslu á málefni þeirra.

Sem utanaðkomandi fékk ég innsýn í marga síði og hugsanagang sem að mörgu leyti er ólíkur okkar sem erum af evrópskum uppruna. Sem dæmi má nefna að meðal margra frumbyggja er hópastarf grunnur samfélagsins þar sem hringurinn (e. circle work) og fjölskyldan er í fyrirrúmi. Dans og helgisíðir gegna sömuleiðis mikilvægu hlutverki og nú orðið er mikil áhersla lögð á að varðveita og endurvekja þessa síði, ásamt tungu frumbyggja. Við fengum að heyra að inntak vest-rænnar menntunar væri afar ólíkt þeim aðferðum sem frumbyggjar sem sögðu sögu sína nota til að uppfræða sína æsku. Í raun er kennsla þeirra samofin tungumáli ættbálkanna og því mikilvægt að viðhalda því. En þó svo inntakið og útfærslan sé ólík fengum við einnig að heyra að margt væri sameiginlegt. Eins og einn úr hópi „elders“ sagði þegar hann líkti mætti hringsins (e. circle work) við meðferðir í geðheilbrigðiskerfi hvíta mannsins. Á vissum aldri er börnum boðið inn í hringinn þar sem þau eru frædd um lífið og tilveruna og síðar er ungmennum boðið í annan hring fyrir eldri einstaklinga þar sem veitt er frekari fræðsla. Hringinn leiða hinir eldri (e. the elders), karlar og/eða konur sem eru ömmur, afar eða langömmur og langafar og þau sem sitja í hringnum með manni eru fjölskylda manns sem maður getur leitað til. Hún er hinn andlegi stuðningur, geðheilbrigðiskerfi og til staðar þegar þörf er á.

Á ráðstefnunni fengum við líka að heyra margar átakanlegar sögur þar sem frummælendur felldu sumir tár yfir reynslu sinni eða fjölskyldu sinnar í

átökum við heim hvíta mannsins. Ray, einn hinna eldri í ráðgjafahópi Calgaryháskóla, sagði okkur frá eðli fræðslunnar og starfsins sem er sprottið af því að sitja í hring innfæddra, Hann sagði að eins og hann hefði upplifað sig tilheyra stórrí fjölskyldu þegar honum var á sínum tíma boðið inn í hring eldri einstaklinga hefði hann vonast til að hitta nýja fjölskyldu þegar hann var sendur í heimavistarskólann sem rekinn var af yfirvöldum. En það eina sem tók á móti honum þar var hnefinn. Mörg börn frumbyggja og fjölskyldur þeirra í Kanada eiga ótrúlega sársaukafullar minningar um heimavistarskólana og enn eru að finnast nýjar og nýjar fjöldagrafir með líkum barna við skólana. Talið er að yfir 10.000 börn frumbyggja hafi ekki snúið aftur til síns heima eftir dvöl í heimavistarskólum í Kanada.

Þá fengum við að heyra sögur af mæðrum frumbyggja sem hættu að kenna börnum sínum móðurmál sitt eftir að hafa orðið illa úti við meðhöndlun í velferðar- eða heilbrigðiskerfinu. Þær gáfu börnunum sínum nýtt nafn á ensku og sögðu þeim að afneita uppruna sínum og aðlagast hvíta fólkinu.

Frummælendur minntust einnig á ógnvænlegt ástand víða í heiminum í dag og ekki síst í nágrenni Kanada, Bandaríkjunum. Eins og margir jaðarhópar fara frumbyggjar ekki varhluta af þeim átökum. Sem dæmi sagði dr. Halaevalu Vakalahi, sem stýrir félagsráðgjafardeild Havaíháskóla, frá áhyggjum sínum af þróun mála. Hún felldi tár þegar hún minntist í lok erindis síns á að einmitt þessa dagana væri þjóðvarðliðið, að skipun Trumps Bandaríkjaforseta, að taka yfir stjórn lögreglunnar í Washington með það markmið að hreinsa hana af „óþjóðalýð.“ Hún hefði miklar áhyggjur af



Ég var því vongóð um að á þessari ráðstefnu myndi ég einnig fá að hlýða á öðruvísi sögur en við eigum að venjast í starfi félagsráðgjafa hér á landi

sýni sínum 18 ára, sem væri í námi þar. Útlit hans sem frumbyggja væri líklegt til að gera hann að skotsþæni þrátt fyrir að hann væri innfæddur Bandaríkamaður. Sagðist hún hringja í hann daglega til að minna hann á að vera með persónuskilríki á sér öllum stundum.

Við fengum líka að heyra margar sögur af sigurum og framförum í þjónustu við fólk af frumbyggjaættum víða um heim. Félagsráðgjafar hafa verið öflugir talsmenn frumbyggja þegar kemur að því að aðlaga þjónustu við þá að síðum þeirra og menningu. Þá hafa félagsráðgjafar af frumbyggjaættum í Kanada tekið höndum saman og myndað sérstakt félag til að efla starf sitt og hver annan.

Ekki er búið að ákveða hvar næsta alþjóðaráðstefna félagsráðgjafa af frumbyggjaættum verður en heimasíðan er <https://www.iivsw.com>.



Þorleifur Kr. Níelsson,
félagsráðgjafi, verkefnastjóri farsældar hjá SSNE

„Enginn maður er eyland“ *Tengsl, samráð og þróun farsældarráðs Norðurlands eystra*

Innleiðing laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 hefur kallað á nýja sýn á samvinnu kerfa, samþættingu þjónustu og sameiginlega ábyrgð á farsæld barna. Á Norðurlandi eystra hefur frá því síðla árs 2025 verið unnið að stofnun og verklagi farsældarráðs Norðurlands eystra, sem hefur það hlutverk að efla samráð, styðja stefnumótun og tryggja að þjónusta við börn sé samfelld og skýr.

Greinin fjallar annars vegar um starf verkefnastjóra farsældarráðs Norðurlands eystra og hins vegar um stöðu og þróun farsældarráðsins. Áhersla er lögð á tengsl – tengsl kerfa, faghópa og samfélaga sem vinna að sameiginlegu markmiði um farsæld barna.

HLUTVERK OG SKIPULAG FARSÆLDARRÁÐS NORÐUR- LANDS EYSTRÁ

Farsældarráð Norðurlands eystra er samráðsvettvangur sveitarfélaga og

þjónustuveitenda ríkisins o.fl. sem starfa í þágu barna. Samkvæmt lögum ber ráðinu að setja fram aðgerðaáætlun til fjögurra ára sem er byggð á svæðisbundinni forgangsröðun og samræmist bæði áætlunum ríkis og stefnumarkandi verkefnum sveitarfélaga.

Ráðið er skipað fulltrúum tíu sveitarfélaga landshlutans, Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, Sjúkrahússins á Akureyri, fimm framhaldsskóla landshlutans, lögreglu og íþróttahreyfingarinnar. Fulltrúar ungmennaráða og foreldraráða eiga áheyrnarrétt, sem tryggir mikilvæga aðkomu notenda.

Fulltrúar ráðsins hafa bakland í samráðshópum í sínum sveitarfélögum eða stofnunum, sem gerir þeim kleift að koma á framfæri málum fjölda faghópa — allt frá leik- og grunnskólum til félagsþjónustu, barnaverndar, heilsugæslu og íþróttastarfs. Þannig verður farsældarráðið brú milli stefnumótunar og daglegrar þjónustu.

HLUTVERK VERKEFNASTJÓRA FARSÆLDARRÁÐS NORÐUR- LANDS EYSTRÁ

Starf verkefnastjóra farsældarráðs Norðurlands eystra þjónar lykilhlutverki í mótun og eftirfylgni vinnu farsældarráðsins og það fer fram á vettvangi Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) samkvæmt viðaukasamningi við sóknaráætlun sem mennta- og barnamálaráðuneytið gerði við öll landshlutasamtökin. Öll sveitarfélög landsins samþykktu að fara þessa leið í stað þess að hvert og eitt sveitarfélag stofnaði sitt eigið farsældarráð. Ráðnir voru átta verkefnastjórar farsældarráða til tveggja ára hringinn í kringum landið. Helstu verkefni tengjast:

- uppbyggingu og skipulagi svæðisbundins farsældarráðs
- virku samráði við sveitarfélög og þjónustuveitendur ríkisins

- mótun verkferla og verkáætlunar fyrir farsældarráð og samráðs- og baklandshópa
- kortlagningu velferðarþjónustu sem snýr að börnum
- stuðningi við stjórnendur, faghópa og notendur sem tengjast verkefninu
- þátttöku í mótun tengsla- og samráðsnets farsældarmála milli landshlutasamtaka

Starfið er þannig bæði stefnumótandi og hagnýtt; það byggir brú milli lagaumgjáðar, sveitarstjórnarstigsins, þjónustustofnana ríkisins og notenda þjónustunnar.

STOFNUN OG ÞRÓUN FARSÆLDARRÁÐSINS

Eftir að sveitarstjórnir höfðu samþykkt samstarfssamning og þjónustuveitendur ríkis o.fl. höfðu samþykkt samstarfsýfirlýsingu um farsældarráð Norðurlands eystra var það stofnað formlega 30. október 2025. Ráðið hélt svo sinn fyrsta fund í desember 2025. Þar voru samþykktar starfsreglur og samskiptasáttmáli ásamt því að kosinn var formaður og varaformaður ráðsins. Lagt var upp með opna og gagnsæja vinnu, þar sem regluleg upplýsingamiðlun og skjalfesting mikilvægra skrefa eru lykilatriði.

Frá fyrsta fundi hafa bæði verið haldin fræðandi erindi á vettvangi ráðsins og farið fram markviss vinna við kortlagningu og forgangsröðun. Sem dæmi má nefna að á fjórða fundi ráðsins, í mars 2026, kynntu fulltrúar Heilbrigðisstofnunar Norðurlands stöðu sálfélagslegrar þjónustu við börn og ungmenni í landshlutanum. Í framhaldinu samþykkti ráðið að efling geðheilbrigðisþjónustu barna yrði meðal atriða í væntanlegri áætlun um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða í þágu farsældar barna.

BAKLANDSHÓPAR — TENGLA-MYNDUN Í FRAMKVÆMD

Einn af nýstárlegu þáttunum í starfi farsældarráðs Norðurlands eystra er skipulag baklandshópa. Hver fulltrúi í ráðinu vinnur með hópi fagaðila í sínu sveitarfélagi eða stofnun. Hóparnir:

- greina staðbundnar áskoranir og tækifæri
- kortleggja forvarnir og snemma-tæka íhlutun
- finna gloppur í þjónustu
- leggja til forgangsmál fyrir svæðisbundna aðgerðaáætlun

Til að styðja vinnuna hafa baklandshópum verið sett fyrir samræmd „heimaverkefni“ þar sem þeir flokka úrræði eftir fimm grunnstöðum farsældar og skila tillögum að svæðisbundnum og staðbundnum aðgerðum. Þetta vinnulag styrkir samspilið milli gagna, reynslu faghópa og sjónarmiða barna, ungmenna og foreldra.

TENGL Í VÍÐUSTU MERKINGU

Starf farsældarráðs Norðurlands eystra endurspeglar hugmyndina um tengsl í víðasta skilningi. Tengsl milli kerfa, sveitarfélaga, stofnana og samfélaga eru forsenda árangurs. Á vettvangi ráðsins mætast ólík fagkerfi — heilbrigðisþjónusta, félags- og barnaverndarþjónusta, fræðsluferfi, íþróttahreyfing og lögregla — og skapa sameiginlega sýn um farsæld barna á svæðinu.

Tengslanet ráðsins er ekki eingöngu lóðrétt (frá stefnumótun til framkvæmdar) heldur einnig lárétt (milli sveitarfélaga og stofnana) og hringlaga (með þátttöku barna, ungmenna og foreldra). Þetta skapar forsendur fyrir raunverulegri samþættingu og stuðlar að bættu aðgengi að þjónustu, ásamt nýsköpun í farsældar- og



Frá fyrsta fundi hafa bæði verið haldin fræðandi erindi á vettvangi ráðsins og farið fram markviss vinna við kortlagningu og forgangsröðun.

velferðarþjónustu fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

LOKAORÐ

Starf farsældarráðs Norðurlands eystra er nýtt af nálinni en þróunin hefur verið hröð og markviss þann stutta tíma sem unnið hefur verið að þessu verkefni. Skipurit og verkferlar eru komnir í notkun, baklandshópar hafa tekið til starfa og vinna við forgangsröðun verkefna hefur hafist.

Uppbygging ráðsins minnir á mikilvægi þess að samræma krafta ólíkra kerfa og að byggja brú milli gagna, reynslu og sjónarmiða notenda þjónustunnar. Með áframhaldandi samstarfi og skýrum verkferlum er farsældarráðið líklegt til að verða burðarás í samhæfingu þjónustu við börn og fjölskyldur á Norðurlandi eystra.

Nánari umfjöllun er að finna í hlaðvarpi FÍ





Kristbjörg K. Björnsdóttir,
MA-nemi í félagsráðgjöf

Umsáturseinelti í kjölfar ofbeldissambanda

Kristbjörg Karen Björnsdóttir kynnti meistararannsókn sína á Félagsráðgjafafönginu 20. febrúar sl. sem fjallar um umsáturseinelti í kjölfar ofbeldissambanda en hún var gerð undir leiðsögn Freydísar J. Freysteinsdóttur (MSW, PhD). Kristbjörg segir viðtökuurnar hafa verið afar jákvæðar.

„Mér fannst kynningin ganga vel og ég fann skýrt fyrir áhuga meðal áheyrenda, þótt tími til spurninga hafi verið knappur hélt umræðan áfram eftir erindið. Spurningarnar sýndu að margir voru að tengja þetta við sitt eigið starf.“

BIL Á MILLI LAGA OG VERULEIKA

Lagaleg staða umsáturseineltis vakti mikla athygli.

„Það eru til lagaákvæði sem eiga að taka á þessari háttsemi, en það er oft bil á milli laga og framkvæmdar,“ útskýrir Kristbjörg. „Þolendur geta því upplifað að verndin sé ekki nægilega virk í raunverulegum aðstæðum.“

Gerendur geta aðlagð hegðun sína að kerfinu, sem gerir það að verkum að úrræði ná ekki alltaf að tryggja raunverulegt öryggi.

UMFANG VANDANS LÍKLEGA VANMETIÐ

Spurningar um algengi umsáturseineltisins komu einnig upp.

„Þótt nákvæmar tölur skorti benda bæði erlendar rannsóknir og mínar niðurstöður til þess að umsáturseinelti sé ekki sjaldgæft í kjölfar ofbeldissambanda,“ segir Kristbjörg og bendir á að skortur á skráningu og skýrum skilgreiningum geti dregið úr sýnileika vandans og leitt til þess að umfang hans sé vanmetið.

ÞEKking, SAMVINNA OG SKÝRARI VIÐBRÖGÐ

Að mati Kristbjargar þarf að styrkja viðbrögð fagkerfa.

„Það er lykilatriði að fagfólk þekki einkenni umsáturseineltis og geti metið áhættu heildstætt. Samvinna milli kerfa, skýrari verklagsreglur og aukin sérhæfing skipta miklu máli.“ Hún nefnir einnig rafræna vöktun sem mögulegt úrræði:

„Innleiðing ökklabanda gæti aukið öryggi þolenda.“

DJÚPSTÆÐ ÁHRIF Á LÍF ÞOLENDA

Frásagnir þátttakenda sýna að áhrifin eru djúpstæð og víðtæk. Þolendur þurfa oft að gera róttækar breytingar

á lífi sínu til að auka öryggi, svo sem að flytja, skipta um símanúmer eða breyta daglegum venjum. Í sumum tilvikum var jafnvel gripið til þess að flytja úr landi. Áhrifin eru ekki aðeins sálræn heldur einnig félagsleg og hafa áhrif á tengsl, búsetu og stöðu fólks í samfélaginu. „Þetta sýnir hversu íþyngjandi áhrifin geta verið,“ segir Kristbjörg

STAFRÆNT UMSÁTURSEINELTI Í VEXTI

Nýjar birtingarmyndir ofbeldis eru að koma fram með tækninni.

„Gerendur hafa sífellt fleiri leiðir til eftirlits og áreitni,“ bendir hún á. „Því þurfa viðbrögð fagfólks að þróast samhliða tækninni.“

„UMRÆÐAN ÞARF AÐ HALDA ÁFRAM“

Kristbjörg telur mikilvægt að auka þekkingu fagfólks, hafa viðbrögðin markvissari og halda áfram þróun úrræða. „Þolendur eiga ekki að þurfa að breyta lífi sínu til að vera öruggir – kerfið þarf að mæta þeim þar sem þeir eru,“ segir Kristbjörg að lokum.

Viðtal: María Björk

Allt viðtalið má finna í hlaðvarpi FÍ





María Björk Ingvadóttir,
framkvæmdastjóri Félagsráðgjafafélags Íslands

Hlaðvarp Félagsráðgjafafélags Íslands – nýr vettvangur fyrir samtal og þekkingu



Hlaðvarp Félagsráðgjafafélags Íslands hefur á stuttum tíma orðið mikilvægur vettvangur fyrir faglegt samtal, miðlun þekkingar og aukinn sýnileika félagsráðgjafa. Markmið þess er að skapa aðgengilegt rými þar sem félagsráðgjafar, fræðafólk, stjórnendur og aðrir sérfræðingar geta rætt málefni sem brenna á faginu hverju sinni.

Í húsnæði félagsins í Borgartúni 27 hefur verið komið upp vel búinni hlaðvarpsaðstöðu með vönduðum upptöku- og hljóðbúnaði. Þar eru tekin upp viðtöl, umræður og kynningar sem nýtast bæði félagsfólki og almenningi. Aðstaðan er jafnframt

nýtt til að taka upp viðtöl við höfunda greina í Tímariti félagsráðgjafa sem tengd eru greinunum með QR-kóðum og skapa þannig nýja vídd í miðlun faglegs efnis.

Á tímum hraðra samfélagsbreytinga, tækniframfara og aukins flækjustigs í velferðarþjónustu er mikilvægt að fagið eigi vettvang þar sem hægt er að bregðast hratt við nýjum áskorunum og halda umræðunni lifandi. Hlaðvarpið gerir félaginu kleift að vera með puttann á púlsinum, fylgjast með þróuninni og miðla upplýsingum þegar þær skipta mestu máli.

Hlaðvarpið er jafnframt mikilvægur hlekkur í heildstæðri miðlun félagsins. Samspil vefsíðu, samfélagsmiðla, fréttabréfa, tímaritsins og hlaðvarpsins styrkir sýnileika félagsráðgjafa og eykur aðgengi að faglegri umræðu. Þannig verður til lifandi tengslanet þekkingar sem nær til félagsfólks um allt land.

Hlaðvarpið er aðgengilegt á Spotify, Apple Podcasts og YouTube og er opið öllum sem vilja fylgjast með þróun félagsráðgjafa og samfélagsmálum sem snerta fagið. Við hvetjum félagsráðgjafa til að senda inn hugmyndir að viðfangsefnum og viðmælendum. Með þátttöku félagsfólks verður hlaðvarpið áfram lifandi vettvangur fyrir faglega umræðu, nýjar hugmyndir og öfluga miðlun þekkingar.



*Skemmtileg viðtöl
og umfjallanir má
finna í hlaðvarpi FÍ*

